

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um störf nefnda um jarðskjálftavá.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nefndir á vegum umhverfisráðuneytisins hafa fjallað um jarðskjálftavá?*
2. *Hafa nefndirnar skilað skýrslu um störf sín?*
3. *Hverjar voru helstu niðurstöður athugana þeirra?*
4. *Eru einhverjar nefndir starfandi í þessum málafllokki?*
5. *Hvenær eru áætluð starfslok þeirra nefnda sem nú eru að störfum?*
6. *Hyggst ráðherra kynna niðurstöður nefndanna fyrir Alþingi?*

Fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, skipaði í nóvember 1995 nefnd til þess að fjalla um jarðskjálftavá og gera tillögur um aðgerðir til þess að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta. Formaður nefndarinnar var Ragnar Stefánsson, sem tilnefndur var af Veðurstofu Íslands. Nefndin skilaði umhverfisráðuneytinu skýrslu með tillögum um aðgerðir í september 1996. Voru tillögurnar síðan kynntar í ríkisstjórn 5. nóvember 1996.

Niðurstöður og tillögur nefndarinnar eru í fimm liðum og fjalla um rannsóknir, eftirlit og viðbúnað, úttektir á byggingum og undirstöðu, byggingarstaðla og byggingarreglugerðir og samræmingu aðgerða og fjármögnun fyrirbyggjandi aðgerða. Á sviði rannsókna eru helstu tillögur nefndarinnar m.a. gerð stafræns gagnagrunns með fyrirbyggjandi jarðskjálftaathugunum, gerð sprungukorts með áherslu á jarðskjálftahættusvæði, gerð nákvæmra jarðfræðikorta af jarðskjálftahættusvæðum, uppbygging stafræns jarðskjálftamælanets (SIL-kerfisins), rannsóknir á dreifingu jarðskjálftaþylgna, eftirlit með brotahreyfingu og spennuupphleðslu niðri í jarðskorpunni, staðbundið áhættumat, svo og nýting á niðurstöðum mælinga og rannsókna til eftirlits. Auk þess má nefna tillögur um eftirlits- og viðvörðunarkerfi jarðskjálftamælinga, að settar verði reglur um meðferð áhættumats og að gerð verði úttekt á jarðskjálftaþoli mannvirkja. Nefndin lagði til að sett yrði á stofn jarðskjálftahættunefnd sem fylgdist með starfi að jarðskjálftahættumálum, samræmdi aðgerðir og fylgdist með og fjallaði um framkvæmd tillagna nefndarinnar. Einnig var lagt til að stofnaður yrði sjóður, jarðskjálftavársjóður, sem hefði það hlutverk að fjármagna aðgerðir á þessu sviði og að sjóðurinn yrði fjármagnaður á svipaðan hátt og ofanflóðasjóður.

Ríkisstjórnin ákvað, að tillögu umhverfisráðherra, að skipa nýja nefnd til að leggja mat á tillögurnar og móta tillögur til ríkisstjórnarinnar um framhald málsins. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá umhverfisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti og var fulltrúi umhverfisráðuneytisins skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum en formaður hennar hefur nýlega gert ráðuneytinu grein fyrir stöðu verksins. Er reiknað með að nefndin ljúki störfum og skili ráðuneytinu tillögum sínum á næstu vikum.